




Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Efni: Samningur við Kjósarhrepp***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. september 2019 voru lögð fram drög að samningi Reykjavíkurborgar og Kjósarhrepps um þjónustu og greiðslur milli skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Kjósarhrepps vegna barna og nemenda sem eiga lögheimili í Kjósarhreppi en njóta leikskólaþjónustu, eru í grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarskóla Reykjavíkurborgar á Klébergi ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 16. september 2019, um samninginn og fylgiskjölum.

Erindið var samþykkt og vísað til borgarráðs.  
Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:  
Minnisblað, dags. 16. september 2019  
Drög að samningi, dags. 27. ágúst 2019  
Viðmiðunarreglur vegna grunnskólanáms utan lögheimilissveitar-  
félags ásamt gjaldskrá, samþykkt 25. janúar 2013  
Gjaldskrá vegna frístundaheimilis  
Gjaldskrá frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva  
Viðmiðurnargjaldskrá Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 15. sept. 2018  
Reglur um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum





Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 16. september 2019  
SFS2019010142  
171. fundur  
HG/kg/gs

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

***Efni: Samningur við Kjósarhrepp vegna barna og nemenda sem eiga lögheimili í Kjósarhreppi***

Lagt er til að samþykkt verði að gera meðfylgjandi samning við Kjósarhrepp þar sem kveðið á um þjónustu og greiðslur milli skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Kjósarhrepps vegna barna og nemenda sem eiga lögheimili í Kjósarhreppi en njóta leikskólþjónustu eru í grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarskóla Reykjavíkurborgar í Klébergi.

Með samningnum eiga börn og nemendur með lögheimili í Kjósarhreppi aðgengi að Klébergi gegn umsókn foreldra og samþykki Kjósarhrepps, sjá nánar í meðfylgjandi drögum að samningi.

Fjöldi barna/nemenda með lögheimili í Kjósarhreppi í Klébergi er eftirfarandi: Þrjú börn eru í leikskólanum, átján nemendur eru í grunnskólanum, þrjú eru í frístundaheimilinu og tólf í tónlistarskólanum.



Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 vegna Reykjavíkurborgar og Kjósarhreppur, kt. 690169-3129, gera með sér svofelldan

## **samning**

### **1.**

#### **Markmið samnings.**

Markmið samnings þessa er kveða á um þjónustu og greiðslur milli skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Kjósarhrepps vegna barna og nemenda sem eiga lögheimili í Kjósarhreppi en njóta leikskólaþjónustu eru í grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarskóla Reykjavíkurborgar í Klébergi.

### **2. gr.**

#### **Þjónusta og endurgjald**

##### **2.1. Grunnskóli**

Nemendum með lögheimili í Kjósarhreppi er heimilt að sækja grunnskóla í 1. til 10. bekk Klébergsskóla á Kjalarnesi. Um skólasókn nemenda skv. samningi þessum fer skv. lögum nr. 91/2008, með síðari breytingum um grunnskóla og reglugerðum settum skv. þeim lögum.

Nemendur úr Kjósarhreppi njóta sömu réttinda og sömu þjónustu og aðrir nemendur Klébergsskóla.

Um greiðslur Kjósarhrepps vegna skólasóknar nemenda Kjósarhrepps í Klébergsskóla skv. samningi þessum fer eftir viðmiðunarreglum og gjaldskrá Sambands ísl. sveitarfélaga en gjaldskráin getur tekið breytingum, sbr. fskj. 1.

Þrátt fyrir framangreint ber að ganga frá sérstöku samkomulagi um skólagöngu nemenda.

##### **2.2. Skólaþjónusta og stuðningur við nemendur í grunnskóla**

Klébergsskóli og Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Miðgarður, veita nemendum, sem undir samning þennan falla, sömu þjónustu og öðrum nemendum skólans vegna metinna sérþarfa, í samræmi við lög nr. 91/2008, um grunnskóla, reglugerð nr. 585/2010, um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla, ásamt síðari breytingum og reglugerð nr. 444/2019, um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Greiðslur Kjósarhrepps til Reykjavíkurborgar skulu vera í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um úthlutun fjármagns til þjónustu og sérstaks stuðnings við mikið fatlaða nemendur og nemendur með alvarlegar raskanir, sjá kafla 4, um úthlutun fjármagns; [https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_thjonustulysingar/Stefna-skolianadgreiningar1.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/Stefna-skolianadgreiningar1.pdf) Engu að síður skal samið sérstaklega um viðbótargreiðslur um leið og gengið er frá samkomulagi um skólagöngu nemandans.

##### **2.3. Þjónusta frístundaheimilis**

Öllum nemendum 1. – 4. bekkjar Klébergsskóla, sem eiga lögheimili í Kjósarhreppi, er heimilt að dvelja í frístundaheimili skólans, Kátakoti, að fenginni umsókn forsjáraðila þar um.

Um starfsemi frístundaheimilisins gilda reglur Reykjavíkurborgar um þjónustu frístundaheimila, þ.m.t. ákvæði um systkinaafslátt. Reglurnar geta breyst án fyrirvara en þær má sjá hér; <https://reykjavik.is/reglur-um-thjonustu-fristundaheimila>

Um greiðslur Kjósarhrepps vegna dvalar nemenda á frístundaheimilinu Kátakoti fer skv. fskj. 2.

Um greiðslur foreldra vegna dvalar nemenda á frístundaheimilinu Kátakoti fer skv. gjaldskrá frístundaheimila Reykjavíkurborgar, sem birt er á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Gjaldskráin getur breyst án fyrirvara.

Nemendur með lögheimili í Kjósarhepp skulu, skv. samningi þessum, njóta systkinaafsláttar og annars afsláttar í samræmi við framangreinda gjaldskrá. Kjósarhreppur skuldbindur sig til að greiða skóla- og frístundasviði mánaðarlega þá fjárhæð, sem nemur afslætti hvers barns skv. gjaldskránni sem í dag er til samræmis við fskj. 3.

Börn sem þurfa á sértækum stuðningi að halda m.a. vegna fötlunar og/eða þroskafrávika á frístundaheimili fá þá þjónustu að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs og gegn samningi við Kjósarhepp um viðbótargreiðslur sem byggðar eru á mati framangreindra aðila um leið og gengið er frá samkomulagi um skólagöngu nemandans.

#### **2.4. Tónlistarnám**

Forsjáraðilar nemendur 1.-10. bekk Klébergsskóla, sem eiga lögheimili í Kjósarheppi, eiga samkvæmt samningi þessum kost á að sækja um nám í Tónlistarskóla Kjalarness fyrir börn sín.

Ef umsókn er samþykkt greiðir Kjósarhreppur með hverjum nemanda í fullu tónlistarnámi sem nemur kostnaði borgarinnar við nemanda í Tónlistarskóla Kjalarness að frádreginni greiðslu forsjáraðila en greiðsla Kjósarhrepps er kr. 320.000 á hvern nemanda skólaárið 2019 -2020.

Skólastjóri skal senda Kjósarheppi yfirlit yfir þátttöku í tónlistarnámi við upphaf skólaárs eða fyrir 1. október ár hvert.

Um greiðslur foreldra vegna tónlistarnáms nemenda í Tónlistarskólanum á Klébergi fer skv. gjaldskrá tónlistarskólans, sem birt er á heimasíðu Reykjavíkurborgar og Klébergsskóla. Gjaldið er nú kr. 18.000 og kr. 14.400 ef systkini með sama lögheimili stunda nám við tónlistarskólann.

#### **2.5. Matarþjónusta**

Nemendur Klébergsskóla, sem eiga lögheimili í Kjósarheppi, eiga kost á að kaupa skólamáltíðir í skóla og síðdegishressingu í frístund til jafns við aðra nemendur.

Um verð fyrir skólamáltíðir fer skv. gildandi gjaldskrá Reykjavíkurborgar sem birt er á heimasíður borgarinnar.

Um verð fyrir síðdegishressingu í Kátakoti fer skv. gjaldskrá frístundaheimila Reykjavíkurborgar en síðdegishressing er greidd af foreldrum.

## **2.6. Leikskóli**

Foreldrum með lögheimili í Kjósarhreppi er heimilt að sækja um dvöl á leikskólanum Bergi, Kjalarnesi, fyrir börn sín með sama lögheimili og fjölskyldunúmer.

Um umsóknir, innritun og gjaldtöku fer skv. gildandi reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu. Reglurnar geta breyst án fyrirvara en þær má sjá hér: <https://reykjavik.is/reglur-um-leikskolathjonustu>

Um starfsemi leikskólans fer skv. lögum nr. 90/2008, um leikskóla, með síðari breytingum.

Um greiðslur foreldra vegna leikskóla fer skv. gjaldskrá leikskóla Reykjavíkurborgar, sem birt er á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Gjaldskráin getur breyst án fyrirvara.

Um greiðslur Kjósarhrepps vegna dvalar barna með lögheimili í Kjósahreppi á leikskólanum Bergi fer eftir viðmiðunarreglum og gjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga sem getur tekið breytingum, sjá fskj. 4.

Börn, sem dvelja á leikskólanum Bergi, njóta sömu réttinda og sömu þjónustu og önnur börn leikskólans.

Þrátt fyrir framangreint ber að ganga frá sérstöku samkomulagi um leikskólagöngu barnanna.

## **2.7 Skólaþjónusta og stuðningur við börn í leikskóla**

Leikskólinn Berg og Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Miðgarður veita börnum, sem undir samning þennan falla, viðbótarþjónustu vegna metinna sérþarfa, í samræmi við lög nr. 90/2008, um leikskóla, með síðari breytingum og reglugerð nr 444/2019, um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla.

Samið skal sérstaklega um viðbótagreiðslur um leið og gengið er frá samkomulagi um leikskólagöngu nemandans en greiðslur skulu reiknaðar til samræmis við úthlutunarreglur Reykjavíkurborgar, sjá fskj. 5.

## **2.8 Skólaakstur**

Akstur nemenda úr Kjósarhreppi til og frá skóla fellur utan samnings þessa. Telji bæði sveitarfélögin að það sé hagkvæmt að nýta saman skólabíl, skal kostnaður skiptast hlutfallslega milli sveitarfélaga.

## **2.9 Ákvarðanir um rétt eða skyldu**

Skólinn fylgir ákvæðum laga nr. 90/2008 um leikskóla, lögum 91/2008, um grunnskóla og ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 við töku ákvarðana sem kæránlegar eru samkvæmt lögnum. Auk þess ber að fylgja ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/19993 þegar við á og lögum um upplýsingarétt nr. 140/2012.

Ákvarðanir um rétt eða skyldu foreldra, nemenda og barna í tengslum við starfsemi leik- og grunnskóla, frístundaheimili og tónlistarskóla eru teknar af Klébergsskóla/ Bergi/ tónlistarskóla Kjalarness nema mál heyri undir Kjósarhrepp.

**3.**

**Reikningar**

Kjósarhreppur skal greiða skóla- og frístundasviði mánaðarlega kostnað skv. samningi þessum og verða greiðslukjör í samræmi við greiðsluskilmála Reykjavíkurborgar.

**4.**

**Gildistími**

Samningur þessi tekur gildir frá 1. ágúst 2019 og gildir til 10. júní 2020 og fellur brott án sérstakrar uppsagnar að þeim tíma liðnum. Samningurinn er uppsegjanlegur á gildistíma hans af hálfu beggja sammingsaðila með eins mánaðar fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðarmót.

**5.**

**Vanefndir**

Verði um verulegar vanefndir að ræða á skyldum skv. samningi þessum af hálfu annars hvors sammingsaðila er gagnaðila heimilt að rifta samningnum, án frekari fyrirvara eða aðvarana.

Áður en til slíkrar riftunar kemur skal sammingsaðili þó hafa skorað á gagnaðila að bæta úr vanefndinni innan hæfilegs frests, sem skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en 14 dagar.

**6.**

**Önnur ákvæði**

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Öllu framangreindu til staðfestingar rita fyrirvarsmenn aðila nöfn sín hér undir í viðurvist þar til kvaddra vitundarvotta

Reykjavík, 2019

\_\_\_\_\_  
F.h. Skóla - frístundasviðs Reykjavíkurborgar

\_\_\_\_\_  
F.h. Kjósarhrepps

\_\_\_\_\_  
Vottar að rétttri dagsetningu, undirritunum og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_



# Viðmiðunarreglur vegna grunnskólanáms utan lögheimilissveitarfélags ásamt gjaldskrá

*Samþykktar af stjórn sambandsins 25. janúar 2013.*

## 1. gr.

Reglur þessar eiga eingöngu við þegar einstakir nemendur sækja skóla í öðru sveitarfélagi en þeir eiga lögheimili í. Ef sveitarfélag tekur að sér með reglubundnum hætti að vista nemendur annars sveitarfélags eða ef nemendur annarra sveitarfélaga eru vistaðir með reglubundnum hætti í tilteknum grunnskóla skal sérstaklega samið um greiðslur vegna þess á milli sveitarfélaganna.

Nemendur á grunnskólaaldri stunda að jafnaði nám í því sveitarfélagi þar sem þeir eiga lögheimili.

Frá þessu er vikið í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar barn flyst í annað sveitarfélag á skólaárinu, sbr. 2. gr.
2. Þegar forsjáraðili barns óskar eftir að það fái að stunda nám í grunnskóla utan síns lögheimilissveitarfélags, sbr. 3.- 5. gr.
3. Þegar barni er ráðstafað í tímabundið fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í öðru sveitarfélagi, sbr. 6. gr.

Viðmiðunarreglur þessar gilda um samskipti sveitarfélaga í ofangreindum tilvikum og vegna þeirra nemenda sem hlut eiga að máli.

## 2. gr.

Flytjist lögheimili nemanda í annað sveitarfélag eftir að hann hefur byrjað skólagöngu í því sveitarfélagi, sem hann átti lögheimili í fyrir flutning, skal hann eiga rétt á að ljúka námi í þeim skóla sem hann stundaði nám í við flutninginn til loka skólaársins. Að öllu jöfnu getur nemandi ekki sótt skóla í tveimur sveitarfélögum samtímis. Aðstæður nemandans geta hins vegar kallað á að frá þessu sé vikið með sérstöku samkomulagi. Ákvörðun í þessu efni er þó alltaf háð yfirlýstu samþykki beggja sveitarfélaga og að teknu tilliti til hagsmuna nemandans.

## 3. gr.

Forsjáraðili nemanda sem óskað er eftir að fái að stunda nám í grunnskóla utan síns lögheimilissveitarfélags skal senda inn umsókn þess efnis til lögheimilissveitarfélags nemandans fyrir 15. apríl.

Í umsókn skal upplýsa um ástæður umsóknarinnar og hvort foreldrar fara sameiginlega með forsjá en eiga ekki sama lögheimili.

Sé umsókninni synjað af lögheimilissveitarfélagi skal henni svarað sem fyrst með rökstuðningi. Hjóti umsóknin jákvæða afgreiðslu hjá lögheimilissveitarfélagi, skal senda hana til þess sveitarfélags þar sem óskað er eftir að nemandinn stundi nám, hér eftir nefnt viðtökusveitarfélag. Verði því við komið skal senda umsókn um skólavist fyrir 10. maí til viðtökusveitarfélags og skal þá svar berast lögheimilissveitarfélagi fyrir 1. júní.

Framangreindar dagsetningar eru meginregla þegar vitað er með löngum fyrirvara um óskir um skólavist utan lögheimilissveitarfélags. Komi óskir fram það seint að ekki er unnt að virða framangreindar dagsetningar skulu aðilar hraða afgreiðslu sem kostur er.

#### **4. gr.**

Þegar heimild er veitt skv. 3. gr. til náms í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags, skal samhliða samið um greiðslur en Samband íslenskra sveitarfélaga ákveður sérstakt viðmiðunargjald (sjá skýringar með gjaldskránni hér að neðan). Viðmiðunargjaldið er uppfært árlega og skal gjaldskrá liggja fyrir í síðasta lagi 15. ágúst ár hvert. Sveitarfélög semja sín á milli um fyrirkomulag greiðslna og uppgjör.

Í viðmiðunargjaldi er innifalinn allur skólakostnaður annar en húsnæðiskostnaður og sá viðbótarkostnaður sem sannanlega fellur til vegna nemandans sérstaklega.

Þarfnist nemandi sérstakrar aðstoðar eða aukins stuðnings (t.d. vegna sérfræðiþjónustu, sérstakrar íslenskukennslu innflytjenda o.í. sem sannanlega teist umfram almennan skólakostnað) skal samið sérstaklega um viðbótargreiðslur um leið og gengið er frá samkomulagi um skólagöngu nemanda milli lögheimilissveitarfélags og viðtökusveitarfélags. Með sama hætti skal semja um aðra liði sem eru sannanlega umfram viðmiðunargjaldið og framlag jöfnunarsjóðs vegna skólaaksturs, ef um það er að ræða. Að öllu jöfnu skal samkomulag um viðbótargjald tekið til endurskoðunar fari annað hvort sveitarfélagið fram á það. Verði ágreiningur um hvort endurskoðun gefi tilefni til breytinga á greiðslum er unnt að vísa ágreiningsefninu til umsagnar sérstakrar nefndar skv. 7. gr.

#### **5. gr.**

Í samskiptum sveitarfélaga skal það vera meginreglan að komi fram ósk frá lögheimilissveitarfélagi um skólavist í öðru sveitarfélagi skal orðið við slíkri ósk.

Til þess að auðvelda móttöku nemanda í viðtökusveitarfélagi skulu öll nauðsynleg gögn send milli hlutaðeigandi skóla. Persónuverndarsjónarmiða skal gætt í allri meðferð gagnanna.

Geti skóli/skólar viðkomandi sveitarfélags ekki veitt þeim nemanda, sem óskað er eftir skólavist fyrir, viðunandi þjónustu að mati sérfræðiþjónustu skóla skal slíkt koma fram sem rökstuðningur fyrir synjun á umsókn til lögheimilissveitarfélags.

#### **6. gr.**

Sveitarfélagi er skylt samkvæmt grunnskólalögum að sjá til þess að nemandi njóti skólavistar, sem hefur verið ráðstafað í tímabundið fóstur til fósturforeldra sem þar eiga lögheimili.

Um greiðslur lögheimilissveitarfélags vegna skólavistar barns í tímabundnu fóstri fer skv. ákvæðum barnaverndarlaga, grunnskólalaga, reglugerð nr. 547/2012 um skólagöngu fósturbarna og gjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga, eftir því sem við á.

#### **7. gr.**

Komi upp ágreiningur um greiðslur eða annað tengt skólavist og sveitarfélögin geta ekki leyst þann ágreining sín á milli, er hægt vísa honum til sérstakrar þriggja manna nefndar til umsagnar. Skilyrði þess að nefndin taki mál til umfjöllunar er að báðir deiluaðilar verði sammála um að vísa því til hennar og að ágreiningur heyri ekki undir annan úrskurðaraðila. Tryggja skal nemanda skólavist þó beðið sé eftir niðurstöðu nefndarinnar en hún skal leitast við að hraða vinnu sinni sem kostur er.

Í nefndinni eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af hvoru sveitarfélagi og einn fulltrúi tilnefndur af sambandinu. Skólamálafulltrúi sambandsins er starfsmaður nefndarinnar.

Þegar nefndin fær mál til umfjöllunar aflar starfsmaður nefndarinnar nauðsynlegra gagna og kannar afstöðu viðkomandi sveitarfélaga til ágreiningsefnisins þ.á.m. hvort grundvöllur sé til sátta milli þeirra. Lýsi bæði sveitarfélögin því yfir að sættir hafi náðst eða samkomulag sé í auglýsningu getur nefndin lokið meðferð máls á þeim grundvelli. Það kemur þó ekki í veg fyrir að sama ágreiningsefni verði lagt fyrir nefndina á ný ef úrlausn þess gengur ekki eftir.

Sé sáttagrundvöllur ekki fyrir hendi gerir nefndin tillögu til úrlausnar ágreiningsefnisins. Tillagan skal rökstudd og sett fram með skýrum hætti. Tillaga nefndarinnar er ekki bindandi fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög.

Um hæfi nefndarmanna fer skv. 3. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993.

### **Gjaldskrá með viðmiðunarreglum vegna nemenda sem stunda grunnskólanám utan lögheimilissveitarfélags**

Viðmiðunargjald þetta fæst með því að vinna út frá heildarrekstrarkostnaði við grunnskóla sveitarfélaga eins og hann birtist í Árbók sveitarfélaga á hverju ári. Gjaldskráin er í sjö flokkum þar sem hver flokkur nær til skóla með tilgreindum fjölda nemenda. Beinn kostnaður við hvern grunnskóla er grundvöllur útreikningana og þeir sameiginlegu liðir sem falla innan grunnskólasviðs hvers sveitarfélags. Sameiginlegum liðum innan fræðslusviðs er skipt niður í hlutfalli við heildarútgjöld hvers skólastigs. Hlutdeild grunnskólans, í sameiginlegum liðum fræðslumála, er lögð við heildarkostnaðinn. Tölur um einkarekna grunnskóla eru ekki teknar inn í þessa útreikninga.

Heildarrekstrarkostnaði, þ.e. beinum kostnaði, sameiginlegum liðum grunnskóla og hlutfalli af sameiginlegum liðum fræðslusviðs, er svo deilt með fjölda nemenda í hverjum skóla. Upplýsingar um fjölda nemenda eru fengnar úr Skólaskýrslu sambandsins. Kostnaður vegna innri leigu og sérfræðiþjónustu er dregin frá þessari tölu. Upplýsingar um innri leigu eru fengnar frá þeim sveitarfélögum sem skila inn tvílykludum ársreikningi og upplýsingar um kostnað vegna sérfræðiþjónustu byggja á gögnum frá Reykjavíkurborg.

Við útreikninga skal ætíð miða við greiðslur í kennslumánuðum, þ.e. 4,25 mánuðir vegna haustannar og 5,25 vegna vorannar.

Gjaldskráin byggir á niðurstöðum úr ársreikningum sveitarfélaga frá fyrra ári. Niðurstaða ársreikninganna er framreiknuð miðað við launavísitölu að 2/3 og vísitölu neysluverðs að 1/3 eins og þær eru í lok júní ár hvert. **Gjaldskráin tók gildi 1. janúar 2013** en gjaldskrá hvers skólaárs hér eftir tekur gildi 15. september ár hvert og gildir fram til sama tíma á næsta ári.

*Samþykktar af stjórn sambandsins 25. janúar 2013*

---

Viðmiðunargjaldskrá vegna nemenda utan lögheimilissveitarfélags

*Ný viðmiðunargjaldskrá er birt í fyrsta lagi 15. september ár hvert.*

	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
<b>0-10</b>	-	-	-	-	514.545	446.182	595.686
<b>11-20</b>	229.672	223.990	225.265	257.710	269.019	282.528	308.538
<b>21-50</b>	172.925	188.517	201.119	225.487	232.944	241.592	312.688
<b>51-99</b>	142.073	140.183	153.137	170.397	209.671	198.612	213.682
<b>101-200</b>	114.939	134.442	130.548	148.908	165.842	171.629	188.229
<b>201-300</b>	109.021	118.892	119.955	135.364	150.859	152.422	171.141
<b>301-400</b>	87.710	100.153	100.014	114.417	129.770	127.736	137.601
<b>401+</b>	83.270	93.535	94.328	105.824	121.525	117.212	128.187

Kostnaður vegna vistunar barna fyrir veturinn 2019/2020 er byggður á kostnaðaráætlun frístundaheimila fyrir 2019. Kostnaður verður innheimtur samkvæmt töflu 1 í samræmi við fjölda vistunardaga.

Stuðningskostnaður miðar við úthlutun til frístundaheimila 2019. stuðningskostnaður er innheimtur samkvæmt töflu 2 og mati um stuðningsþörf þ.e. hvað mikið stöðugildi stuðningstarfsmanns þarf að fylgja viðkomandi barni.

Vistunarkostnaður miðað við 5 daga vistun		
Kostnaður vegna vetrarfrístundar 2019/2020	Pr/barn	178.470 kr
Kostnaður pr mánuð 9,5 mánuðir	Pr/barn	18.786 kr

Vistunarkostnaður tafla 1				Veturinn 2019/2020
Kostnaður pr mánuð 9,5 mánuðir	Pr/barn	18.786 kr	5 daga vistun	178.470 kr
Kostnaður pr mánuð 9,5 mánuðir	Pr/barn	15.029 kr	4 daga vistun	142.776 kr
Kostnaður pr mánuð 9,5 mánuðir	Pr/barn	11.272 kr	3 daga vistun	107.082 kr
Kostnaður pr mánuð 9,5 mánuðir	Pr/barn	7.515 kr	2 daga vistun	71.388 kr
Kostnaður pr mánuð 9,5 mánuðir	Pr/barn	3.757 kr	1 daga vistun	35.694 kr

Stuðningur tafla 2			
	Stöðugildi	Mánuður	Vetur 2019/2020
Kostnaður vegna stuðningsstarfsmanns	52%	291.786 kr	2.771.971 kr

Í töflu 2 er miðað við 52% stöðugildi sem er almennt starfshlutfall starfsmanna í frístundaheimilum.



## Gjaldskrá fyrir vetrarstarf frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva

Þjónusta	Mánaðaverð	Síðdegishressing	Samtals
Vistun 5 daga	13.802	3.872	17.674
Vistun 4 daga	11.254	3.101	14.355
Vistun 3 daga	8.686	2.321	11.007
Vistun 2 daga	6.129	1.561	7.690
Vistun 1 daga	3.561	791	4.352
Lengd viðvera	2.071		

Ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun í frístundastarfi borgarinnar (yfir vetrartímann) er veittur 100% afsláttur af frístundagjaldi vegna systkina, skilyrði er að systkinin hafi sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá. Foreldrar greiða fullt fæðisgjald fyrir öll börnin.

Þá er veittur systkinaafsláttur milli dagforeldra, leikskóla og frístundaheimila/sértæks félagsmiðstöðvastarfs þannig að 100% afsláttur er af vistunargjöldum á frístundaheimili/sértæku félagsmiðstöðvastarfi ef barnið á systkini í leikskóla eða hjá dagforeldri, skilyrði er að systkinin hafi sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá. Ekki er veittur afsláttur af gjaldi fyrir síðdegishressingu.

Ef þjónusta er nýtt kl. 8.00-13.40 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það kr. 2.071 á dag og er þá talað um lengda viðveru. Á ofangreindum dögum geta börnin eftir sem áður dvalið á frístundaheimilunum/sértæka félagsmiðstöðvastarfinu frá kl. 13.40-17.00. Óskað er eftir skráningu á þessa daga. Einnig er hægt að skrá þau börn eftir hádegi sem ekki eru skráð í vistun þann vikudag og greitt sérstaklega fyrir. Skráning á langa daga er bindandi og ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótarvistun þessa daga.





**From:** [Linda Björk Elíasdóttir](#)  
**To:** [Guðrún Sigrvogsdóttir](#)  
**Subject:** Viðmiðunargjaldskrá Sambands Íslenskra sveitarfélaga  
**Date:** þriðjudagur, 17. september 2019 10:03:23  
**Attachments:** [image001.png](#)

Sæl Guðrún

hérna kemur viðmiðunargjaldskrá Sambandsins – sent skv. beiðni Kristjáns.

## Viðmiðunargjaldskrá sem gildir frá 15. september 2018

Ný viðmiðunargjaldskrá er birt í fyrsta lagi 15. september ár hvert.

	4	5	6	7	8	9	Stuðull
<b>1 árs</b>	188.183	214.718	241.253	267.788	294.322	320.857	2
<b>2 ára</b>	166.955	188.183	209.411	230.639	251.867	273.095	1.6
<b>3 ára</b>	151.035	168.282	185.530	202.777	220.025	237.273	1.3
<b>4 ára</b>	135.114	148.381	161.649	174.916	188.183	201.451	1
<b>5 ára</b>	124.500	135.114	145.728	156.342	166.955	177.569	0.8

## Viðmiðunargjaldskrá sem gildir frá 15. september 2017

Ný viðmiðunargjaldskrá er birt í fyrsta lagi 15. september ár hvert.

	4	5	6	7	8	9	Stuðull
<b>1. árs</b>	174.252	198.823	223.393	247.964	272.534	297.105	2
<b>2. ára</b>	154.596	174.252	193.909	213.565	233.222	252.878	1,6
<b>3. ára</b>	139.854	155.825	171.795	187.766	203.737	219.708	1,3
<b>4. ára</b>	125.112	137.397	149.682	161.967	174.252	186.538	1
<b>5. ára</b>	115.283	125.112	137.940	144.768	157.596	164.424	0,8

*Með kveðju,*

*Linda Björk Elíasdóttir*

*Fjármála- og rekstrarþjónusta*

*Netfang: [linda.eliasdottir@reykjavik.is](mailto:linda.eliasdottir@reykjavik.is)  
 Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur, fjármáladeild  
 Borgartúni 12 -14, 105 Reykjavík  
 Sími: 411-7005*

Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum

að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skyld er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum, sbr. 5. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

## Reglur um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum

### Gildissvið

Reglurnar gilda um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum Reykjavíkurborgar og sjálfstætt reknum leikskólum í Reykjavík með samning við skóla- og frístundasvið um greiðslu framlags til þeirra. Við úthlutun er fylgt verkferli fagskrifstofu leikskóla á skóla- og frístundasviði.

### Ábyrgð á skipulagi stuðnings

Leikskólastjóri ber ábyrgð á skipulagi stuðnings í leikskólum, framkvæmd þess og endurmati.

Leikskólastjóri sér til þess að börn njóti stuðnings í leikskólanum og að boðið sé upp á þroskavænleg verkefni í leik og starfi. Leikskólastjóri hefur náið samstarf við foreldra, sérkennsluráðgjafa og ýmsa sérfræðinga sem tengjast leikskólanum vegna barna sem þurfa og njóta stuðnings.

Þar sem er ábyrgðarmaður sérkennslu í leikskóla, ber hann ábyrgð á gerð áætlana og sér um að þeim sé framfylgt og þær endurmetnar.

Áhersla skal vera lögð á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þáttakandi í leikskóla-starfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og kostur er. Gæta skal sérstaklega að því að barn sem nýtur stuðnings einangrist ekki heldur sé hluti af hópnum og eigi hlutdeild í leikskólastarfinu.

Leikskólastjóri bera ábyrgð á því hvernig úthlutun vegna stuðnings er nýtt og hvernig hún skiptist á milli einstakra barna. Leikskólum ber að skila greinargerð til skrifstofu skóla- og frístundasviðs um nýtingu fjármagns vegna stuðnings þar sem fram komi lýsing á framkvæmd stuðnings og mat á árangri. Greinargerð skal berast fyrir 1. júlí ár hvert vegna síðastliðinna tólf mánaða.

Ekki er heimilt að nýta fjármagn vegna stuðnings í leikskólum til að standa straum af annarri starfsemi leikskóla.

### Úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum

Úthlutun á fjármagni verður í samræmi við fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs til málaflokksins og þann fjölda barna sem þurfa stuðning hverju sinni.

Úthlutað er fjármagni til leikskóla á grundvelli tveggja flokka auk þess sem veitt er fjármagn vegna stöðu ábyrgðarmanns sérkennslu í leikskólanum.

### 1. flokkur

Börn sem hafa m.a. fengið greiningu frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR), Barnalækni vegna veikinda, Þroska og hegðunarstöð heilsugæslunnar (ÞHS), Heyrnar- og talmeina- og HTÍ) og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, daufblinda og sjónskerta einstaklinga. Þessi börn þurfa á verulegri aðstoð og íhlutun að halda í daglegu

lífi vegna t.a.m. fjölfötlnar, alvarlegrar og miðlungs þroskahömlunar (<50), verulegrar hreyfihömlunar (hjólástóll/hækjur), verulegrar tengslaskerðingar eða blindu og heyrnarleysis, og alvarlega langveik börn.

Úthlutað er fjármagni til leikskóla vegna tímafjölda til samræmis við daglegan vistunartíma barnsins í leikskólanum og þjónustupörf þess. Þjónustupörf barnsins er metin af ábyrgðarmanni sérkennslu í leikskóla barnsins í samvinnu við sérfræðiþjónustu þjónustumiðstöðvanna. Tímafjöldinn getur verið allt að 9,5 tímar á dag.

Fullur stuðningur telst 6 tímar miðað við 8 tíma daglega vistun barns í leikskóla. Sé þroskaskerðing barns með þeim hætti að þörf sé á stuðningi í fleiri tíma er unnt að senda beiðni um fleiri tíma til skrifstofu skóla- og frístundasviðs með rökstuðningi, byggðum á mati, í samvinnu við sérfræðiþjónustu þjónustumiðstöðvarinnar.

## 2. flokkur

Börn sem þurfa reglulega á aðstoð og íhlutun að halda t.a.m. vegna vægrar þroskahömlunar (51-70), hreyfihömlunar (aðstoð við ferli), verulegrar sjón- og heyrnarskerðingar, vægrar tengslaskerðingar, langtímaveik börn sem þurfa nokkra umönnun, börn sem þurfa töluverða aðstoð vegna alvarlegra hegðunar- og tilfinningalegra erfiðleika.<sup>1</sup>

Leikskóli fær fjármagn vegna stuðnings. Fjármagnið fer eftir fjölda og samsetningu barna með þörf fyrir stuðning í leikskólanum og fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs til málaflokksins. Mat á þjónustupörf er unnið af ábyrgðarmanni sérkennslu í leikskóla barnsins í samvinnu við sérfræðiþjónustu þjónustumiðstöðvanna.

Hægt er að sækja um fjármagn vegna tímabundins stuðnings við barn sem eftir mat sálfræðings hefur verið vísað til nánari greiningar á Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, Þroska og hegðunarstöðvar heilsugæslunnar eða sambærilegra aðila.

### Ábyrgðarmaður sérkennslu

Leikskóli fær úthlutað ákveðnu fjármagni í samræmi við fjölda barna í leikskólanum. Þetta fjármagn er eyrnamerkt leikskólanum fyrir stöðu ábyrgðarmanns sérkennslu m.a. til að sinna börnum með málþroskafrávik og félagslega og tilfinningalega erfiðleika.

Leikskóli með 79 börn og færri fær fjármagn vegna 50% stöðugildis, leikskóli með 80 til 99 börn fær fjármagn vegna 75% stöðugildis og leikskóli með 100 börn eða fleiri fær fjármagn vegna 100% stöðugildis. Leikskólar með 200 börn eða fleiri fá fjármagn vegna tveggja 100% stöðugilda. Sérhæfðir leikskólar fá að auki framlag vegna eins 100 % stöðugildis vegna sérhæfingar sinnar.

### Gildistaka

Reglurnar taka gildi þann 7. júní 2016. Úthlutun sem nú þegar hefur farið fram verður óbreytt til 1. september 2016. Greitt verður fjármagn vegna ábyrgðarmanns sérkennslu frá 1. september 2016.

---

<sup>1</sup> Alvarlegir hegðunarerfiðleikar er þegar barn sýnir stjórnláusa hegðun, ofbeldishegðun eða reynir ítrekað að stinga af úr leikskóla. Alvarlegir tilfinningalegir erfiðleikar er þegar barn hefur sætt misnotkun, mikil veikindi eru á heimili barns, eða barn hefur á anna hátt orðið fyrir tilfinningalegu áfalli.

Með reglum þessum falla úr gildi reglur við úthlutun á stuðningstímum til barna í leikskólum hjá Reykjavíkurborg samþykktar í borgarráði þann 6. október 2011.

Reglur þessar voru samþykktar í borgarstjórn 7. júní 2016

